

Mál nr. 107/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur Flatir við Garðaveg 30.01. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 29.03. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 10.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gera grein fyrir aðdraganda máls þessa.

A ók bifreið sinni frá Garðavegi inn á Flatir en umferð eftir Flötum nýtur forgangs gagnvart umferð frá Garðavegi sökum biðskyldu. Álitafni er hvort A hafi virt biðskyldu gagnvart B ellegar hvort B hafi verið ekið ógætilega og yfir á rangan vegarhelming.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og farið yfir á öfugan vegarhelming og sjórnlaut á A sem hafi verið orðin kyrrstæð.

Vátryggingafélag B telur, líkt og tjónanefnd vátryggingafélaganna, að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstri þessum þar sem biðskylda er fyrir hann þegar ekið er inn á Flatir. Félagið lætur þess getið að bifreiðum hafi verið lagt báðum megin götunnar og “ekki um það að ræða að bifreiðinni” B hafi verið ekið á röngum vegarhelmingi.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstri þessum fyrir að gæta ekki að biðskyldu. Ökumanni A bar að víkja fyrir B, en þessa gætti hann ekki.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.